

Sanchez Cardenas gegn Noregi

Dómur frá 4. október 2007

Mál nr. 12148/03

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Svípting umgengnisréttar. Ummæli í dómi.

1. Málsatvik

Kærandi, Jose Santo Sanchez Cardenas, er ríkisborgari í Chile, fæddur 1968 og búsettur í Björgvin í Noregi. Hann á tvo syni, L og A, sem eru fæddir 1994 og 1996. Árið 1995 skildu kærandi og barnsmóðir hans, HT, sem er norskur ríkisborgari. Árið 1997 urðu deilur um umgengni kæranda við synina en HT hafði áður sakað hann um að hafa misnotað L kynferðislega. Rannsókn á meintum brotum kæranda var hætt árið 1998. Kærandi höfðaði mál þar sem hann krafðist þess að fá að umgangast drengina og í aprílmánuði 2001 var kæranda veittur réttur til umgengni aðra hverja helgi og í fríum. Þessi niðurstaða byggðist á því að talið var að ásanir HT um misnotkun væru spunnar upp í þeim tilgangi að koma í veg fyrir umgengni. Áfrýjunardómstóll sneri hins vegar við þessari niðurstöðu, bæði vegna ásakana um kynferðislega misnotkun og eins vegna mikillar andstöðu L við umgengni við kæranda. Áfrýjunardómstóllinn tók fram að ýmislegt benti til þess að misnotkun hefði átt sér stað en taldi þó ekki ástæðu til að taka afstöðu til þess sérstaklega. Með hliðsjón af hagsmunum barnanna, og til að valda L ekki álagi, var því talið best að engin umgengni við kæranda ætti sér stað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með ummælum í dómnum hefði því verið lýst yfir að hann væri grunaður um kynferðisafbrot gegn syni sínum. Með þessu hefði verið brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómstól samkvæmt 6. gr. sáttmálans. Þá sagðist hann hafa þjáðst af þunglyndi, svefnleysi og lystarleysi í kjölfar dómsins og lagði fram gögn því til stuðnings. Taldi hann að með dóminum hefði einnig verið brotið gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldulífs hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að það væri óumdeilt að afskiptin af einkalífi kæranda hefðu átt stoð í lögum. Jafnframt hefði tilgangur þeirra verið sá að vernda réttindi og frelsi annarra. Hins vegar væri óljóst af hverju áfrýjunardómstóllinn hefði tekið fram að hugsanlegt væri að kynferðisleg misnotkun hefði átt sér stað. Með því hefði dómurinn látið í ljós grunsemdir sínar um að kærandi hefði gerst sekur um alvarlegan glæp án þess þó að skoða málið frekar. Að mati dómstólsins hefði verið réttara að leggja mat á ásanirnar, t.a.m. með því að skoða gögn í málinu, eða sleppa því að minnast á grunsemdir um misnotkun. Með ummælunum hefði mannorð kæranda beðið hnekkis auk þess sem þau hefðu haft skaðleg áhrif á einka- og fjölskyldulíf hans.

Það var því einróma álit dómstólsins að með ummælunum hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 7.000 evrur í miskabætur og 9.200 evrur í málskostnað.